

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



|                            |                        |                                |                            |
|----------------------------|------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 1.7.2016               | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Malbikunarstöðin Höfði | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| <b>Heimili</b>             | Sævarhöfði 6 - 10      | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið                |
| <b>Kennitala</b>           | 5810962919             | <b>Flokkur</b>                 | Malbik                     |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Halldór Torfason       | <b>ÍSAT nr.</b>                | 26.82.9                    |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Elín Ásgeirsdóttir     | <b>Staðsetning</b>             | 362038,627 405923,675      |

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð varðandi botnþykktarmælingu skv. úrbótaáætlun.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir endurnýjað starfsleyfi sem gefið var út þann 18. júní 2015 og gildir í fjögur ár eða til 1. febrúar 2019, og minnt á skiladaga skv. því.

Búið er að mæla alla geymanna nema einn og verður mælingunum við hann lokið fyrir 1. júlí 2017 skv. ósk um breytingu úrbótaáætlunar sem lögð var fram í eftirlitinu.

Tvær olfuskiljur eru á lóðinni auk einnar litillar skilju sem notuð er til vara. Voru þær tæmdar af Hreinsitækni þann 1. febrúar 2016 og er það gert reglulega, a.m.k. einu sinni á ári. Mælingar voru gerðar á olíu í fráveitu á síðasta ári, bæði með strimli og efnagreiningu utanaðkomandi aðila og voru gildin undir mörkum starfsleyfis sem er 15 mg/kg.

Farið var yfir niðurstöður mælinga síðasta árs og voru þær allar innan marka, mælingum ársins 2016 er ekki lokið en skv. gr 3.3 í starfsleyfi skal gera það fyrir 1. október annað hvert ár sé einungis verið að staðfesta símælingar. Hávaðamælingar voru framkvæmdar á lóðinni í ágúst 2014 og voru gildi þeirrar mælingar innan marka starfsleyfis. Síamæling er á ryki frá reykháfum en rekstraraðili lætur mæla hjá óháðum aðilum annað hvert ár til að bera saman við niðurstöður síamælinganna. Mælt var síðast árið 2014.

Rekstraraðili fylgir þjálfunaráætlun fyrir starfsmenn og eru reglulega haldnir fræðslufundir og æfingar varðandi meðhöndlun efna og viðbrögð við mengun.

Grænu bókhaldi v. ársins 2015 hefur verið skilað til eftirlitsaðila. Allur úrgangur er flokkaður. Ekki er um spilliefni að ræða fyrir utan úrgangsolíu úr þróm sem Hreinsitækni sækir og rafgeyma en rekstraraðili kemur þeim sjálfur til spilliefnamóttöku enda ekki um marga geyma að ræða árlega. Olíuskipti á bílum og vélum fara fram á verkstæði.

Engar framkvæmdir eða breyting á rekstrinum eru fyrirhugaðar á árinu en viðræður eru í gangi um nýja lóð fyrir stöðina þar sem deiliskipulag gerir ráð fyrir íbúðabyggingu á svæðinu eftir fjögur ár.

Ein kvörtun barst eftirlitsaðila varðandi ryk í útblástri og var brugðist fljótt við því og skipt um poka sem hafði rifnað og mælitæki yfirfarin. Verksmiðjan hefur ekki stöðvast frá síðasta eftirliti nema til viðhalds og vegna óhagstæðra veðurskilyrða.

Gengið var um lóðina og svæðið skoðað. Tvær stöðvar eru á lóðinni, eldri og yngri og eru þær keyrðar eftir þörfum. Skorsteinn er við hvora stöð og er síamæling í þeim báðum. Færibönd eru yfirbyggð og finefnageymsla er við brothús til varnar foki á finasta efninu. Annars eru hráefnin geymd utandyra í aðskildum haugum. Lóðin er nær öll malbikuð. Gengið var um geymasvæði og var svæðið afgirt, bæði í kringum stöðina sjálfa og geymasvæði.

### ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu varðandi að botnþykktarmælingar skv. úrbótaáætlun hafa enn ekki verið gerðar en átti þeim að vera lokið þann 1. júní sl. Rekstraraðili afhenti eftirlitsaðila ósk um framlengingu á þeim fresti til 1. júlí 2017 þar sem erfitt hefur reynist að tæma geyminn á milli þess sem nýjar birgðir hafa borist til landsins. Stefnt er að því að hægt verði að tæma geyminn í lok malbiksvertíðarinnar nú í haust eða vetur og þá verður strax farið í að framkvæma mælinguna. Umhverfisstofnun fellst á þennan aukin frest, en áréttir að mælingar skulu gerðar um leið og færi gefst og niðurstöður þeirra sendar eftirlitsaðila.

### ANNAÐ

Rekstraraðili hefur sent endurskoðaða Neyðar- og viðbragðsáætlun, Vöktunarplan fyrir umhverfismælingar og viðbraðstáætlun v. stöðvunar á rekstri til eftirlitsaðila.

Vinnu við ISO 14001 er lokið og var önnur úttekt vottunaraðila gerð í síðustu viku og var hún án athugasemda. Rekstraraðili hefur einnig skrifað undir loftslagsskilmála FESTA.

Eftirlitið var viðstaddur Ísak Már Jóhannsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Reykjavík, 12.07.2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir